



Samband íslenskra sveitarfélaga

# Skólalæping 2009

Skýrsla frá Skólalæpingi sem haldið var á  
Hilton Reykjavík Nordica Hótel 2. nóvember 2009



*„Þegar heimurinn er hættur að vera  
dásemdafullur í augum barnanna okkar þá  
er nú lítið orðið eftir.“ (Úr Paradísarheimt  
eftir Halldór Kiljan Laxness.)*



# Skóli á tímamótum Hvernig gerum við enn betur?

Hilton Reykjavík Nordica, 2. nóvember 2009

Ráðstefnustjórar: Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ og  
Helga Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi Fljótshéraði

**08:30 Skráning**

**09:00 Setning og inngangserindi**

Halldór Halldórsson, formaður  
Sambands íslenskra sveitarfélaga

**Geta sveitarfélög og skólar aukið gæði og  
þjónustu í núverandi árferði?**

**09:15 Félag leikskólakennara**

Björg Bjarnadóttir formaður

**09:30 Félag grunnskólakennara**

Ólafur Loftsson formaður

**09:45 Félag tónlistarskólakennara**

Sigrún Grendal formaður

**10:00 Skólastjórafélag Íslands**

Kristinn Breiðfjörð formaður

**10:15 Kaffihlé**

Kynningar á þróunar- og  
nýbreytniverkefnum

**10:45 Heimili og skóli**

Sjöfn Þórðardóttir formaður

**11:00 Sveitarfélögin**

Gunnar Gíslason, fræðslustjóri  
Akureyrarkaupstaðar

**11:15 Umræðuhópar að störfum**

**12:15 Hádegishlé**

Kynningar á þróunar- og  
nýbreytniverkefnum

**13:15 Ávarp menntamálaráðherra**

Katrín Jakobsdóttir

**13:30 Fyrirspurnir til  
menntamálaráðherra**

**Hvernig kennara og kennaramenntun þurfum við?**

**13:45 Símenntun kennara**

Guðfinna Harðardóttir, sérfræðingur  
á kjarasviði Sambands íslenskra  
sveitarfélaga

**14:00 Kennaramenntun við  
Háskólann á Akureyri**

María Steingrimsdóttir, lektor við  
kennaradeild Háskólans á Akureyri

**14:20 Fimm ára kennaramenntun  
og samstarf við skólana**

Jón Torfi Jónasson, forseti  
Menntavísindasviðs Háskóla Íslands

**14:40 Umræðuhópar að störfum**

**15:30 Samantekt og lokaorð**

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri  
í Hveragerði

**16:00 Þingslit**

Kynningar á þróunar- og  
nýbreytniverkefnum

Erindi, glæsur og hljóðskrár frá skólaþingi.

Samband íslenskra sveitarfélaga stóð fyrir Skólaþingi sveitarfélaga þriðja sinni 2. nóvember 2009. Yfirskrift þingsins að þessu sinni var Skóli á tímamótum – Hvernig gerum við enn betur?

Markmið skólaþinga sambandsins er að stefna saman sveitarstjórnarmönnum og stjórnendum, starfsmönnum og stefnumótendum skóla- og fræðslumála til að skapa samráðs- og lærdómsvettvang innan og milli sveitarfélaga fyrst og fremst. En að þessu sinni var brugðið út af vananum og fulltrúar fleiri hagsmunaaðila kallaðir til leiks og boðin þátttaka. Um var að ræða fulltrúa félagasamtaka kennara og stjórnenda í leik-, grunn- og tónlistarskólum, fulltrúa foreldrasamtaka, Umboðsmanns barna, menntamálaráðuneytis, kennaramenntunarstofnana og rannsóknastofnana þeirra, Námsmatsstofnunar o.fl. Ástæða þess að þingið var opnað með þessum hætti er meðal annars það erfiða efnahagsástand sem nú er við að glíma í samfélaginu og erfið rekstrarstaða í mörgum sveitarfélögum. Lögð var áhersla á að fá alla hagsmunaaðila til skrafs og ráðagerða um það hvernig hægt væri, í sameiningu, að bregðast við og hagræða en reyna að viðhalda þó jafnframt gæðum og þjónustu í leik-, grunn- og tónlistarskólum þrátt fyrir yfirvofandi niðurskurð til rekstursins.

## Tæplega 200 þátttakendur

Niðurstöður umræðuhópa þingsins og þau skilaboð sem fyrirlesarar höfðu fram að færa munu án efa gagnast í frekari samræðum og samráði hagsmunaaðila um skólastarf á komandi misserum.

Skráðir þátttakendur á skólaþingið voru 196 og af þeim mættu alls 180 til þings. Þar af voru yfir 50 kjörnir fulltrúar og framkvæmdastjórar sveitarfélaga, eða rúmur fjórðungur þátttakenda. Starfsmenn sveitarfélaga, aðrir en ráðnir framkvæmdastjórar, voru 90, um helmingur þeirra var skólastjórnendur og tæpur helmingur forstöðumenn skóla- og fræðsluskrifstofa og sérfræðingar þeirra. Frá kennarasambandinu komu 5, frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu komu 10 manns auk ráðherra og frá kennaramenntunarstofnunum komu einnig 10 manns. Rétt rúmur helmingur þátttakenda á skólaþinginu komu frá sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins.

Dagskrá skólaþingsins var tvíþætt. Undir fyrri hluta dagskrár voru fyrirlesarar beðnir um að leita svara við spurningunni: Geta sveitarfélög og skólar aukið gæði og þjónustu í núverandi árferði? Þeir sem tóku til máls undir þessum lið voru: formenn Félags leikskólakennara, Félags grunnskólakennara,



*Ingibjörg Einarsdóttir og Valgerður Janusdóttir fylgjast áhugasamar með á Skólaþingi 2009.*

## Smelltu hér

Erindi, glæsur og hljóðskrár frá skólapinginu.

tónlistarskólakennara og Félags skólustjóra. Formaður Heimilis og skóla og fræðslustjóri Akureyrarkaupstaðar. Menntamálaráðherra flutti ávarp sitt áður en síðari hluti dagskrár hófst. Þeir sem þá tóku til máls voru beðnir um að hafa í huga spurninguna: Hvernig kennara og kennaramenntun þurfum við? Það voru fulltrúar frá Háskólanum á Akureyri og Menntavísindasviði Háskóla Íslands sem héldu þau erindi auk þess sem fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga fjallaði um endurmenntun kennara. Öll erindi þingsins voru hljóðrituð og eru þau aðgengileg ásamt glæsum fyrirlesara vefsíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga eða með því að smella á tengilinn hér til vinstri.

## Kynning á nýbreytniverkefnum

Í opnu rými framan við þingsalinn fór fram kynning á fjölbreyttum nýbreytniverkefnum sem unnið hefur verið að í sveitarfélögum. Alls tóku átta sveitarfélög þátt í kynningunni

og kynntu alls 21 verkefni. Sjá má yfirlit yfir öll verkefni á blaðsíðum 8 og 9 í skýrslunni.

Fyrirkomulag þingsins miðaði að því að virkja þátttakendur sem best í umræðum þannig að eftir þingið lægju fyrir gögn og áherslur sem nýttust til áframhaldandi starfa. Þinggestum var því skipað í 10 manna umræðuhópa, hver með sinn umræðustjóra. Gefinn var góður tími til umræðna bæði fyrir og eftir hádegi um fyrirfram ákveðnar spurningar er tengdust viðfangsefnum dagsins. Umræðustjórar tóku svo saman helstu niðurstöður til frekari úrvinnslu sambandsins eftir þingið. Hafa þær verið dregnar saman og fylgja hér á eftir í 2. kafla skýrslunnar. Skólateymi og skólamálanefnd sambandsins munu vinna áfram með þær hugmyndir og tillögur sem fram komu í umræðuhópunum á samráðsvettvangi með þeim hagsmunaaðilum sem þátt tóku á þinginu, í þeim tilgangi að koma þeim áfram inn í faglega, rekstrarlega og kjaralega umræðu og ákvarðanatöku eftir því sem við á.

### 1. kafli:

## Erindi, glæsur og hljóðskrár

Skýrsla Skólapingis sveitarfélaga er, eins og áður, eingöngu gefin út á rafrænu formi. Efst til vinstri á þessari síðu og víðar í skýrslunni er lesendum vísað beint inn á vefslóð þar sem hægt er að skoða dagskrá, sjá glæsur og hlýða á öll erindin sem flutt voru. Til þess að ná bestu hlustunargæðum er æskilegt að hægri smella á tengilinn „hljóðskrá“ og hlaða niður hljóðskránni með skipuninni „save target as...“. Erindi Halldórs Halldórssonar, Gunnars Gíslasonar og Katrínar Jakobsdóttur eru einnig aðgengileg á sömu slóð.

## Halldór Halldórsson, formaður sambandsins



Halldór Halldórsson

Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Halldór Halldórsson, setti skólapingið og sagði meðal annars í ávarpi sínu að í ljósi þeirra efnahagsþrenginga sem við blasi séu sveitarfélög og ríki nauðbeygð til að ná verulega niður kostnaði. Það væri sameiginlegt verkefni okkar allra að ná árangri í því og nefndi Halldór að verið væri að kynna hugmyndir í einhverjum sveitarfélögum um fækkun skóla og stöðugilda en kostnaður vegna launa væri stærsti útgjaldaliðurinn eins og vitað væri. Halldór lýsti yfir ánægju með það hversu vel hefði tekist til í samstarfi stjórnenda og starfsfólks sveitarfélaganna víðast hvar í aðgerðum til aðhalds og sparnaðar í rekstri skóla en því miður dygði það ekki til og betur mætti ef duga skyldi.

## Menntamálaráðherra

Menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, ávarpaði skólapingið eftir hádegið og svaraði fyrirspurnum. Hún lýsti yfir ánægju með það hversu öflugt og markvisst samstarfið við sambandið væri orðið í málefnum skóla og menntunar og nefndi m.a. áhuga sinn á að finna lausn í ágreiningsmáli ríkis og sveitarfélaga vegna tónlistarfræðslu sem fyrst.

Þá ræddi ráðherra mögulegar lagabreytingar sem gefið gætu sveitarfélögum svigrúm til að draga úr kostnaði vegna skólahalds á tímum efnahagsþrenginga.

Menntamálaráðherra gaf kost á fyrirspurnum að loknu erindi sínu og verður gerð hér grein fyrir þeim og svörum ráðherra.

### Markmið í lengingu kennaranáms

Starfshættir kennara og skólastjórnenda eru stærstu áhrifavaldar um nám nemenda. Hvað á að breytast í starfi skólanna við lengingu kennaranámsins til þess að bæta nám nemenda?

Ráðherra taldi að lengra kennaranám myndi efla bæði faglegan og kennslufræðilegan grunn kennara. Horft hefði verið til Finnlands sem fyrirmyndar við þessa ákvörðun og sagðist ráðherra hafa tröllatrú á að þetta myndi skila sér. Hún sagði gríðarlegar kröfur gerðar til kennara og vitnaði í því samhengi til námskrár skólastiga og starfið væri bæði fjölbreytt og krefjandi. Ráðherra taldi þörf á að halda málþing með þeim sem sinna kennaramenntun um ráðandi áherslur í nýrri kennaramenntun.

### Grunnskólanemar og aðgengi að framhaldsskólaáföngum

Menntamálaráðherra ákvað í sparnaðarskyni að fjármagna ekki kennslu framhaldsskólaáfanga fyrir grunnskólanema. Samkvæmt lögum um grunnskóla eiga nemendur rétt á námi í framhaldsskóla að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Hver á að borga? Hvað verður um þennan rétt grunnskólanema?

Ráðherra taldi mjög skiljanlegt að fólk hefði af þessu áhyggjur. Leiðarljósið í sparnaðaraðgerðum ráðuneytisins hefði verið að einblína á kjarnann en þessi þáttur væri viðbótarþjónusta. Hins vegar taldi hún að ræða þyrfti þá með hvaða hætti uppfyllt væru skilyrði um sveigjanleg mörk skólastiga

og sagði málið áfram í skoðun og yrði það unnið í samstarfi við sambandið.

### Svigrúm sveitarfélaga til að mæta aðsteðjandi vanda.

Sveitarfélög verða að takast á við aðsteðjandi vanda með nýjum aðferðum. Kemur til greina að gefa sveitarfélögum tímabundið svigrúm til þess að taka fleiri ákvarðanir varðandi kennslustundafjölda (viðmiðunarstundaskrá) og skipulag skólastarfs svo leita megi hagræðingar með nýjum hætti jafnvel án þess að stytta skóladaginn sjálfan?

Ráðherra sagði að standa þyrfti vörð um innihald skólastarfs og forðast í lengstu lög að skera það niður en hún væri engu að síður reiðubúin til samræðna við KÍ og sambandið um tímabundna fækkun kennslustunda. Utan við kjarnastarfsemina eru oftar en ekki þeir þættir sem lífga upp á skólastarfið og skornir væru af í sparnaðarskyni. Vega þarf og meta hvernig skuli forgangsraða, hvað skipti máli. Að hennar mati væri betra að fækka kennslustundum tímabundið en að loka grunnskólum. Grunnskólar væru gríðastaður, hjartað í samfélaginu, og miklu máli skipti hvernig farið er með það hjarta. Hún sagðist reiðubúin að skoða aðrar leiðar með þessi tilteknu leiðarljós að markmiði með öllum hagsmunaaðilum.

## Smelltu hér

Erindi, glæsur og hljóðskrár frá skólapinginu.



*Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra fjallaði um mögulegar lagabreytingar sem gefið gætu sveitarfélögum svigrúm til að draga úr kostnaði vegna skólahalds.*

## Smelltu hér

Erindi, glæsur og hljóðskrár frá skólapinginu.

## List- og verkgreinar

Ráðherra var spurð um afdrif list- og verkgreina nú á tímum. Þær væru dýrari og líklegri til að lenda í niðurskurði.

Ráðherra sagði 84% áfanga á framhaldsskólastigi vera bóklega og möguleika nemenda til þátttöku í list- og verkgreinum fábreytta. Hún nefndi að norrænar rannsóknarniðurstöður væru væntanlegar um stöðu þessara greina í desember (2009). Hún taldi okkur um of bóklega miðuð og mætum ekki að verðleikum nám í list- og verkgreinum og vísaði til mats á skólastarfi.

Hún taldi þessa stöðu ekki einvörðungu snúast um kostnað heldur um áhuga nemenda á viðkomandi greinum. Hún skildi þá spurningu eftir hjá þinggestum um hvaða mælikvarðar væru notaðir til þess að meta gæði skólastarfs og taldi mikilvægt að greina þá, skoða og meta.



# Kynning á nýbreytni- og þróunarverkefnum

Á skólapingum Sambands íslenskra sveitarfélaga gefst sveitarfélögum kostur á að kynna þinggestum þau nýbreytni- og þróunarverkefni sem unnið er að í skólum sveitarfélagsins. Að þessu sinni kynntu átta sveitarfélög alls tuttugu og eitt verkefni af mjög fjölbreyttum toga og fara upplýsingar um þau og tengiliði þeirra hér á næstu opnu. Hér að neðan má sjá nokkrar myndir af verkefnum sem kynnt voru.

# Smelltu hér

Erindi, glæsur og hljóðskrár frá skólapinginu.



## Akureyri

### Einstaklingsmiðuð kennsla

Unnið er með þróun leiða með kennurum og skólustjórum til að laga kennslu, nám og námsumhverfi að getu, áhuga og þörfum hvers einstaklings í námshópi samhliða því sem leitast er við að styrkja nemendahópinn.

### Byrjendalæsi

Í verkefninu er unnið með samvirka kennsluáðferð í læsi, sem beinist fyrst og fremst að nemendum í fyrsta og öðrum bekk grunnskóla. Gengið er út frá heildstæðri nálgun móðurmálsins þar sem fram fer samþætt vinna með tal, hlustun, lestur og ritun.

### Orð af orði

Meginviðfangsefnið er að efla orðaforða, orðvitund og lesskilning nemenda í grunnskóla.

### Fágæti og furðuverk

Verkefnið hefur það að markmiði að efla lestraráhuga nemenda, einkum drengja.

Tengiliður verkefna: *Trausti Þorsteinsson (trausti@unak.is)*.

### Svífum seglum þöndum

Hér er um að ræða þróunarverkefni í Lundarskóla þar sem unnið er með breytingar á heildarskipulagi kennsluhátta í skólanum. Litið er á hvern árgang skólans sem eina heild sem teymi kennara sinnir. Lögð hefur verið áhersla á sjálfskoðun teymanna og til þess þróuð svokölluð Teymismappa. (<http://www.lundarskoli.akureyri.is/teymi/>)

Tengiliður: *Þorgerður Sigurðardóttir (togga@akmennt.is)*.

## Reykjanesbær

### Félagar – Friends for life

Hér er um að ræða námsefni sem er upprunnið frá Ástralíu sem ætlað er til lífsleiknikennslu á unglingsstigi grunnskóla. Námsefnið hefur verið rannsakað víða um heim og er eina efni sinnar tegundar sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (World Health Organization; WHO) mælir með til altækrar forvarnar. Námsefnið byggir á hugrænni atferlismeðferð en sú aðferð hefur reynst hvað árangursríkust til meðferðar og forvarnar á tilfinningalegum erfiðleikum. Í námsefninu er meðal annars farið í hvernig hugsanir, tilfinningar og hegðun tengjast og hafa áhrif á hvert annað. Nemendur læra hvernig þeir geta haft stjórn á hegðun sinni og tilfinningum og með efninu lærast aðferðir sem hægt er að nota þegar tekist er á við krefjandi verkefni eða þegar á móti blæs í lífinu. Unnið er að viðamikilli rannsókn á áhrifum efnisins meðal barna fæddum 1994-1995 á Reykjanesi. Rannsókninni á Reykjanesi lýkur eftir um það bil ár og er þess vænst að niðurstöður verði kynntar opinberlega og í fagtimaritum.

Tengiliður: *Berglind D. Bragadóttir (berglind.bragadottir@reykjanesbaer.is)*.

## Sveitarfélagið Ölfus

### Grænir grunnskólafingur græða landið

Verkefnið er tvíþætt. Annars vegar kynnast grunnskólarnemendur sögu Þorlákshafnar, uppbyggingu bæjarins og uppgræðslu landsins í kring. Nemendur læra að þekkja landgræðsluþlöntur og annan gróður í nágrenni sínu með vettvangsferðum og grenndarrannsókn. Hins vegar taka nemendur virkari þátt í flokkun og vinnslu á lifrænum úrgangi sem frá skólanum fellur og notaður verður í frekari landgræðslu í sveitarfélaginu, læra á ferlið og sjá þannig mikilvægi efniviðarins fyrir náttúruna á okkar svæði. Að vori munu nemendur svo nýta fullunnin úrganginn við plöntun trjáa og allir íbúar Ölfuss GRÆÐA!

Tengiliðir: *Rebekka Ómarsdóttir (rebekka@olfus.is)* og *Sigríður Guðnadóttir (sigga@olfus.is)*.

## Reykjavík

### Assist – Fjölpjööðlegt samstarfsverkefni

Verkefnið er nýjung í menntun ófaglærðra leikskólustarfsmanna; ASSIST er fjölpjööðlegt samstarfsverkefni sem Leikskólasvið Reykjavíkurborgar tekur þátt í, styrkt af Leonardo da Vinci áætlun Evrópusambandsins. Verkefnið snýst um að prófa og meta námskeiðsmódel fyrir starfsfólk leikskóla í ólíkum löndum. Markmiðið er að auka færni leikskólustarfsfólks sem hefur litla eða enga menntun á sviði uppeldismála, stuðla að meiri stöðugleika í starfsmannahópnum, gera starf í leikskóla meira aðlaðandi og þróa hagkvæmt námskeiðsmódel. Námskeiðið byggist upp á fyrirlestur og umræðum í hópum undir stjórn mentora sem eru lærðir leikskólakennarar.

Tengiliður: *Valgerður Erna Þorvaldsdóttir (valgerdur.erna.thorvaldsdottir@reykjavik.is)*.

### Sérkennslustefna leikskólasviðs Reykjavíkurborgar

Leikskólaráð Reykjavíkurborgar samþykkti árið 2007 að stofna starfshóp til að endurskoða sérkennslustefnu Leikskólasviðs. Ný stefna var samþykkt í ágúst 2009. Helstu nýjungar í stefnunni eru: Tilraunaverkefni um þjónustu við langveik börn, upplýsingavefur er varðar sérkennslu í leikskólum og ábyrgðarmaður sérkennslu í öllum leikskólum Reykjavíkurborgar.

Tengiliður: *Elísabet Helga Pálmadóttir (elisabet.helga.palmadottir@reykjavik.is)*.

### Sjálfsmynd og félagsfærni í leikskóla

Í starfsáætlun Menntasviðs 2006 undir stefnu Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á að „börnum og unglingum líði vel í skólanum. Unnið er markvisst að því að byggja upp jákvæða sjálfsmynd“.

Settar hafa verið fram tillögur að viðmiðum/gátlistum sem eru ætlaðir til notkunar í daglegu starfi leik- og grunnskólakennara. Listar leikskólans eru þegar komnir í notkun í þó nokkrum leikskólum.

Tengiliðir: *Elísabet Helga Pálmadóttir (elisabet.h.palmadottir@reykjavik.is)* og *Sigrún Einarsdóttir (sigrun.einarsdottir@reykjavik.is)*.

### Fjölmening í leikskólum Reykjavíkur

Kynntur verður fjölmeningarvefurinn [www.allirmed.is](http://www.allirmed.is) en á honum er að finna fræðslu- og námsefni fyrir leikskólustarfsfólk auk fjölda hugmynda um það hvernig hægt er að vinna á jákvæðan hátt með fjölbreyttan barnahóp í gegnum öll námssviðin, kenna íslensku sem annað mál og byggja upp samstarf við alla foreldra frá upphafi leikskólagöngu. Einnig verður kynnt upplýsingaefni og gagnabanki með þýðingum sem leikskólar geta nýtt sér til að byggja upp samskipti við erlenda foreldra og veggspjöld sem endurspeglar fjölbreytileikann í leikskólustarfinu.

Tengiliður: *Fríða Bjarney Jónsdóttir (frida.b.jonsdottir@reykjavik.is)*.

## Kópavogur

### Fjölbreytt tónlistarstarf í leikskóla

Í júní 2009 lauk þessu tveggja ára þróunarverkefni Heilsuleikskólans Urðarhóls. Verkefnið hlaut styrk úr Þróunarsjóði leikskóla og var meginþáttur þess að stofna vefsetur og setja inn á það hagnýtt efni. Sjá nánar [www.bornogtonlist.net](http://www.bornogtonlist.net).

Tengiliður: *Sigrún Hulda Jónsdóttir (sigrunhj@kopavogur.is)*.



## Hafnarfjörður

### Innleiðing PMT og SMT í Hafnarfirði

Frá árinu 2000 hefur verið í þróun úrræði til að efla jákvæð samskipti barna sem eiga við hegðunarvanda að stríða þar sem foreldrum býðst stuðningur í formi námskeiða og ráðgjafar/meðferðar og nefnt hefur verið PMT-foreldrafærni. Sömuleiðis hefur verið í þróun innleiðing jákvæðra samskipta í skólasterfi sem byggja á aðferðafræði PMT og nefnt hefur verið SMT-skólafærni frá árinu 2002.

Tengiliður: Margrét Sigmarsdóttir, (margret@hafnarfjordur.is).

### Árangursstjórnun sem leiðarljós í starfs- áætlanagerð leik- og grunnskóla

Frá árinu 2005 hófst vinna hjá Hafnarfjarðarbæ við innleiðslu árangursstjórnunar. Í því er verið að þróa starfsáætlanagerð einstakra skóla og tengja hana stefnumótunarvinnu með árlegri útgáfu á starfsskýrslu.

Tengiliður: Magnús Baldursson (magnusb@hafnarfjordur.is).

### Fagsamráð og námskeiðahald fyrir leik- og grunnskólastarfsfólk

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar hefur í langan tíma lagt mikla áherslu á símenntun kennara, alls fagfólks og starfsmanna í leik- og grunnskólum bæjarins. Meginsjónarmiðið hefur verið að Skólaskrifstofan sé mikilvægur stuðningsaðili við skólaþróun, fagmennsku kennarastarfsins og tengiliður um fagsamráð innan sveitarfélagsins.

Tengiliðir: Sigurborg Kristjánsdóttir (sigurborg@hafnarfjordur.is) og Vigfús Hallgrímsson (vigfus@hafnarfjordur.is).

### Rafræn (E-) útgáfa leik- og grunnskóla

Skólaskrifstofan stendur fyrir margvíslegri upplýsingamiðlun og útgáfustarfsemi, ýmist ein og sér eða sem hluti af stærra kerfi bæjarins. Lögð er áhersla á rafræna útgáfu og miðlun í gegnum vef fræðsluviðs á heimasíðu Hafnarfjarðar (www.hafnarfjordur.is) og í netsamskiptum við starfsfólk á fræðsluviði.

Tengiliður: Vigfús Hallgrímsson (vigfus@hafnarfjordur.is).

### Samstarf leik- og grunnskóla

Með nýjum lögum um leik- og grunnskóla frá árinu 2008 er lögð mikil áhersla á samstarf skólastiga, m.a. leik- og grunnskóla. Á Skólaskrifstofunni er stutt við margvíslegt samstarf og samráð leik- og grunnskóla.

Tengiliðir: Sigurborg Kristjánsdóttir (sigurborg@hafnarfjordur.is) og Vigfús Hallgrímsson (vigfus@hafnarfjordur.is).

### Stóra upplestrarkeppnin

Stóra upplestrarkeppnin hófst í Hafnarfirði veturinn 1996-1997 en er nú haldin um allt land í 7. bekkjum grunnskóla. Upplestrarkeppnin er ekki „keppni“ í neinum venjulegum skilningi heldur þróunarverkefni. Höfuðáhersla er lögð á bekkjarstarfið og að ALLIR nemendur njóti góðs af. Keppnin er haldin að frumkvæði áhugafólks um íslenskt mál í samvinnu við skólaskrifstofur, skóla og kennara og þátttaka í henni er frjáls. Reynslan hefur sýnt að allir skólar velja að taka þátt í verkefninu sem ávallt er sett formlega á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember. Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn standa að keppninni. Allar upplýsingar um Stóru upplestrarkeppnina er að finna á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is/upplestur.

Tengiliður: Ingibjörg Einarsdóttir (upplestur@hafnarfjordur.is).

„... ef manni þætti ekki alt skrítið í heiminum, á hverri stundu sem lifir, þá væri maður víst búinn að vera. Skrítnastur er maður sjálfur - og þó ekki leinguren maður heldur áfram að spyrja: hvað næst?“ (Úr Úngur ég var eftir Halldór Kiljan Laxness.)

## Sveitarfélagið Álftanes

### Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga

(Restitution–Self Discipline) er þróunarverkefni Álftanesskóla, Náttúruleikskólans Krakkakots og leikskólans Holtakots. Meginatriðið er að kenna sjálfsaga, sjálfstjórn og ýta undir sjálfstraust. Leitast er við að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum og skýrum reglum. Uppbygging sjálfsaga hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Verkefnið er heilstætt og umbótamiðað vinnuferli sem byggir á hugmyndum um sjálfsstjórn og sjálfsaga og nær til starfsmanna, nemenda, foreldra og nærsamfélagsins. Aðferðin nýtist við hópa- og bekkjarstjórnun þar sem allir fá að vaxa og njóta sín. Spurt er bæði hvernig við viljum vera og hvað við þurfum að gera til að ná eigin markmiðum í sátt og samlyndi við samferðamenn.

Tengiliðir: Sveinbjörn Njálsson (sveinbjorn.njalsson@alftanesskoli.is).

### Menntun til sjálfbærni:

#### „Frá gráma til gleði“ – Skólalóðin okkar

Verkefnið hefur það að markmiði að börnin taki þátt í að þróa og nota „græna skólalóð“ þannig að hún gefi fjölbreytt tækifæri til náms, leikja og útivistar og að athuga gildi slíkrar vinnu í skólastarfinu, fyrir nám og þroska barnanna. Einnig að hönnun og framkvæmdir við skólalóðina taki mið af hugmyndum og tillögum nemenda og starfsmanna skólanna. Verkefnið var unnið í tengslum við rannsóknarverkefnið „Geta til sjálfbærni: menntun til aðgerða“ á vegum Kennaraháskóla Íslands og Háskólans á Akureyri.

Tengiliðir: Hjördís Ólafsdóttir (hjordis@alftanes.is) og Ragnhildur Skúladóttir (ragnhildur@alftanes.is).

### Eyjafjarðarsveit Feneýjar

Feneýjar er heiti á þróunarverkefni í Hrafnagilsskóla við gerð mælanlegra markmiða eða færni viðmiða í öllum námsgreinum fyrir öll aldersstig. Slík viðmið mynda sameiginlegan grunn í skólastarfinu fyrir áætlanagerð, val á kennsluáferðum og námsefni, námsmat og mat á skólastarfi. Einnig einfalda slíkir starfshættir vinnu með markmið Aðalnámskrár og auðvelda fagfólki að meta stöðu og framfarir nemenda. Verkefnið er unnið í samstarfi við Mentor og verða færni viðmiðin og mat á stöðu nemenda í þeirra ljósi aðgengileg kennurum, foreldrum og skólastjórnendum. Verkefnið hófst formlega í september 2009 og lýkur fyrsta hluta þess í maí 2010.

Tengiliður: Karl Frímansson skólastjóri (karl@krummi.is).



## Smelltu hér

Erindi, glæsur og hljóðskrár frá skólapinginu.

## 2. kafli

# Samantekt niðurstaðna og tillagna frá umræðuhópum

Í fundagögnum þinggesta var að finna 4 spurningar, 2 undir hvorum hluta dagskrár. Vinna umræðuhópa fólst í því að leita svara við þeim.

### Geta sveitarfélög og skólar aukið gæði og þjónustu í núverandi árferði?

1. Hvernig má endurskipuleggja starf skóla án þess að rýra gæði eða þjónustu?
2. Hvernig má tryggja að fagleg og rekstrarleg forysta í skólamálum haldist í hendur?

### Hvernig kennara og kennaramenntun þurfum við?

3. Hverjar eiga áherslur í kennaramenntun og kennarastarfi að vera til að uppfylla markmið laganna?
4. Hvernig má tryggja markvissa og skilvirka símenntun kennara?

Hér á eftir fer ítarleg samantekt helstu atriða, hugmynda og tillagna sem fram komu í umræðuhópunum 18 í samantekt umræðustjóra. Ekkert mat er lagt á forgang þeirra eða framsetningu en gerð tilraun til að flokka þá þætti saman sem eiga saman.

Fjöldi áhugaverðra hugmynda og tillagna má þar finna sem ástæða er til að fylgja eftir á skipulegan hátt með hlutaðeigandi hagsmunaaðilum. Hugað verður að

samstarfsfundum í því skyni. Þá eru uppi hugmyndir um að endurvekja umræðuna á málstofu sambandsins um skólamál sem haldin verður haustið 2010. Umræðupunktur úr kennaramenntunarhluta skólapingins verða til umfjöllunar á vorþingi Grunnis, félags starfsfólks og stjórnenda á skólaskrifstofum í maí 2010.

## Hvernig má endurskipuleggja starf skóla án þess að rýra gæði eða þjónustu?

### Skilgreiningar

Skilgreina þarf betur þjónustuhlutverk skólanna/grunnþjónustu sem veita á og aðgerðarbinda. Skilgreina þarf ábyrgð allra sem að skólunum koma. Skilgreina með öllum starfsmönnum hvað felst í gæðum. Skilgreina mun á kennslu og námi. Hvað viljum við að börn okkar geti – þekking, leikni, hæfni. Skilgreina væntingar foreldra til náms; áriðandi að aðhald og væntingar séu til staðar því það hefur jákvæð áhrif inn í skólakerfið.

### Skólaárið/starfstími

Stytta skólaárið hjá unglingum og lengja hjá þeim yngri. Fækka skóladögum í 170 (aftur). Stytta skólaárið með samþættingu við annað barna- og unglingastarf. Byrja skóladaginn seinna, dregur m.a. úr þörf f. lengda viðveru. Samkennsla árganga. Stytta daglegan opnunartíma leikskóla. Lengja sumarlokun leikskóla.

### Bekkir/námshópar

Stækka bekki/ekki stækka bekki; hefur áhrif/engin áhrif á gæði. Afnema bekkjakerfi og hafa mörkin fljótandi=> aukin einstaklingsmiðun. Auka aldursblandaða kennslu. Sameina skóla/unglingadeildir/valgreinaframboð. Aukið val getur leitt til sparnaðar. Hópkennsla í tónlistarskólum. Sameina árganga í smærri skólum.

### Starfshættir og stjórnun

Auka þarf samstarf milli ríkis og sveitarfélaga. Stuðningur sveitarstjórna og skilningur á starfi grunnskóla er grundvallaratriði. Skýr markmiðssetning er lykilatriði. Greina og meta núverandi stjórnunarfyrikomulag í skólum; hefur aukið hlutfall stjórnenda skilað sér í betra skólastarfi? eru skólastjórnendur að fjarlægjast faglegt forystu- og eftirlitshlutverk sitt með aukinni fjölbreytni skólastofnana t.d. vegna samreksturs? (TALIS)



Hópastarf á skólapingi

## Eftirfylgd með stefnumótun

Eftirfylgd með stefnumótun sem sveitarfélög og skólar setja fram þarf að vera markviss. Horfa þarf heildstætt á þjónustu sem veitt er í leik- og grunnskólum og forgangsraða. Gæðastýring nauðsynleg innan stofnunar; breytingar verða að koma innan frá. Skoða styrkleika og veikleika. Horfa á skólastarf í víðu samhengi og beina sjónum að námi nemenda, líðan og ánægju. Leggja meiri áherslu á nám/ menntun en kennslu/samstarf; virkni í kennslustundum og að þær nýtist til náms. Draga úr skýrslugerð og auka hlut rafrænnar stjórnáslu, sbr. staðlaðir spurningalistar frá mmrn.

## Samfélagsleg ábyrgð og ábyrgð starfsfólks

Hvert samfélag þarf að meta hvað hægt er að gera. Þegar harðnar á dalnum þá skapast tækifæri og skólafólk er tilbúið í ýmislegt í svona árferði. Gæði geta aukist í kreppu vegna stöðugleika í starfsmannahaldi; menntaðra fólk starfar í skólum. Tefla fram starfsfólki til að koma með lausnir. Skilgreina þarf starfssvið starfsmanna betur og halda starfsmannafundi. Útvíkka starfslýsingar starfsfólks skóla. Margir geta tekið við fleiri verkefnum. Of mikil aðgreining er milli kennara og annars starfsfólks grunnskóla; hlusta betur á annað starfsfólk, það felast í því tækifæri að hleypa skoðunum fleiri aðila að í umræðunni. Samnýta starfsfólk milli stofnana. Kjarasamninga má skoða með tilliti til launaramma og með tilliti til þess að kennarar, s.s. list- og verkgreinakennarar geti kennt á mismunandi skólastigum. Kjarasamningar og lög mega ekki koma í veg fyrir aukinn sveigjanleika og endurskipulagningu

## Vinna lýðræðislega

Ganga út frá fagmennskuhugtaki – SAMRÁÐ. Hætta skítkasti – ekki vænleg leið til árangurs. Yfirvöld styðji, hrósi, uppörvi starfsmenn. Hlusta á nemendur og taka tillit til þeirra. Aðlaga skólana að samfélaginu. Auka þarf samstarf allra aðila sem þjónusta börn. Auka áherslu á samvinnu kennara við undirbúning kennslu, fagumræðu og fagvitund. Verum óhrædd við að líta okkur nær og virkja þann mannauð, þá þekkingu sem býr í okkar nærsamfélagi, félagasamtök og foreldra. Hvetja til sjálfboðaliðastarfs. Nýta gæði sem eru til í umhverfinu, þarf ekki að kaupa allt inn til listgreinakennslu t.d. Listnám og skapandi starf eykur gæði og skapandi hugsun eykst þegar harðnar á dalnum.

## Nýting sérkenna í kennslu

Hvert landssvæði nýti sín sérkenni í kennslu, nýta það sem gert er á hverju svæði/ umdæmi sem uppstöðu í endurmenntun starfsfólks. Stofna svæðisráð, vinna saman á stærri svæðum í þróunarverkefnum. Samnýta upplýsingar á milli svæða/ landshluta og hugsa meira sem „netverk“; skóla-/fræðsluskrifstofur hafi umsjón með að setja upp námskeið fyrir svæðin. Virkja enn betur endurmenntunarsjóð hjá KÍ til að viðhalda stigi endurmenntunar. Jafnvel útteila til sveitarfélaga til að styrkja stoðir endurmenntunar. Auðvelda þarf kennurum að sækja um styrki til þess að fara á milli landshluta. Efla símenntun með netkennslu. Lítum okkur nær varðandi starfsþróun og lærum hvert af öðru - „best practices“ [Sbr. Curriculum of Excellence í Skotlandi].

## Kennsluhættir

Samtvinna listkennslu betur inn í almennt nám. Samræða þarf að eiga sér stað milli tónlistarskóla og annarra listaskóla. Ekki einangra við tónlist. Samþætta tólmstundastarfið inn í skólastarfið. Verum óhrædd við að líta upp úr bókinni öðru hverju og brjóta upp þetta hefðbundna kennsluform s.s. kennslustofan, predikarinn og söfnuðurinn. Mikilvægt að vera opin fyrir ólíkum leiðum. Mikilvægt er að nýta rannsóknir og byggja skólastarfið á niðurstöðum þeirra. Losum okkur út úr rammanum, bjóða t.d. upp á kennslu eftir getu frekar en aldri. Huga þarf að einstaklingsmiðun í námi og tryggja nemendum nám í jafningjahópi. Endurskoðum tímaeiningar í skólastarfi; kennslustund er ekki föst, óbreytanleg eining. Viðhalda starfsgleði í skólum, vinna í líðan og starfsánægju. Erum við að leggja of mikið í aðstöðu í stað innra starfs? Sameiginlegt valgreinaframboð; auka samvinnu á milli skóla í valgreinum og viðhalda þannig fjölbreytni; samnýta. Nýta betur efnivið og hráefni. Endurskipuleggja/hugsa sérkennslustuðninginn til að ná fram aukinni hagræðingu og skilvirkni. Skoða hvort hægt sé að mæta þörfum nemenda með sérþarfir betur með því að styrkja sérhæfingu og efla sérdeildir. Umræða þarf að fara fram í tengslum við framtíðarsýn og stefnumótun. Aukið sjálfstæði kennara í starfi varðandi undirbúning, kennsluaðferðir, nálgun námsgagna ofl. mun leiða til meiri metnaðar bæði hjá kennara og nemendum, meiri ánægju og árangur í leik og starfi. Fjölbreytileiki í skólastarfi sýnir



Björg Bjarnadóttir



Ólafur Loftsson



Sigrún Grendal



Kristinn Breiðfjörð



Sjöfn Þórðardóttir



Gunnar Gíslason

að kerfið er ekki hamlandi. Endurskoða þarf sundkennslu, ljúka henni t.d. í 7. bekk.

### Aukinn hlutur netskóla

Auka þarf hlut netskóla í dreifðari byggðum; þannig má spara í mannahaldi, t.d. í tungumála- og raungreinakennslu, sbr. reynslu af Snæfellsnesi og Vestfjörðum. Endurvekja farkennarastarfið við innleiðingu á sérstækum verkefnum (sbr. ART).



Guðfinna Harðardóttir

### Rekstur

Skýr skólafestna sem er í samræmi við rekstrarramma. Er fjármunur til skólafestna varið í rétta hluti? Skoða reiknilíkan skóla og svigrúm til að færa á milli launa og rekstrar og hvort sveitarfélög veiti nægilegan sveigjanleika innan rammans. Mikill munur er á rekstrarkostnaði milli einstakra skóla og því hljóta að vera tækifæri til hagræðingar. Standa vörð um starfsemi lítilla skóla á landsbyggðinni; erfitt er að spara þar í stórum liðum eins og skólaakstri og starfsmannahaldi. Efla kostnaðarvitund, ábyrgð og þátttöku starfsfólks. Samþætta skólafestna t.d. með samrekstri. Möguleg sameining lítilla skóla, meira að segja í stórum sveitarfélögum, til að tryggja að hver eining sé hagkvæm stærð og til að tryggja nemendum kennara sem hafa nauðsynlaga fagþekkingu.



María Steingrimsdóttir

Hagræða varðandi vettvangsferðir; auðvelt að hafa þær ódýrari, líta sér nær og nýta nærumhverfið í styttri ferðir í stað þess að fella niður. Auka samstarf við foreldra vegna vettvangsferða og félagsstarfs nemenda. Nota grenndarkennslu meira í nærsamfélaginu. Auka samstarf við eldri borgara og elstu bekkir vegna gæslu. Efla kostnaðarvitund og ábyrgð starfsmanna. Endurskipuleggja mótuneytismál og lengda viðveru, ná þar fram hagræðingu, hækka gjaldskrá.



Jón Torfi Jónasson

### Nýting skólabygginga

Skólabyggingar eru ónýttar auðlindir, margir skólar standa tómir marga tíma á dag, samnýta aðstöðu meira, ekki einangra grunnskóla fyrir skólafestna, heldur líka leikskóla, tómstundastarf, listgreinakennslu. Aukið vægi rekstrarmenntunar í starfsemi skólanna.



Aldís Hafsteinsdóttir

### Kjör

Ekki hægt að nýta grunnskólakennara í leikskóla vegna kjarasamninga þrátt fyrir vilja til samvinnu; hamlandi í samstarfi leik- og grunnskóla, þarf að losa og gera þetta að raunhæfum möguleika. Skortur á sveigjanleika í kjarasamningum hamlar nauðsynlegri þróun skólafestna, sérstaklega við þær aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu. Endurskoða þarf innra fyrirkomulag kjarasamninga til þess að skólafestnar fái aukna möguleika til að skipuleggja vinnutíma starfsfólks. Fækka yfirmönnum. Tækifæri nýrra laga – afnema ákvæði kjarasamninga. Vinnutímaskilgreining kennara þarf að vera eins og annarra opinberra starfsmanna (8-16/17 og vinnuskylda í 10,5 mánuði). Setja 102-150 tímuna til símenntunar og undirbúnings inn í vinnurammann. Hvernig endurmenntun kennara er varið og henni fylgt eftir þarf að greina.

Samstarf við Vinnumálastofnun við nýráðningar. Lækka laun í 80% í 2 ár ef fækka þarf fólki. Hækka kennsluskyldu í 28 úr 26 (aftur). Hækka kennsluskyldu skólafestna tímabundið í samráði við SÍ. Hafi skólafestnar ekki kennsluskyldu fjarlægist hann starf kennarans.

### Önnur sjónarmið sem fram komu

**Leiðarljós:** samvinna, sameiginleg sýn, mannauður, sameiginleg ábyrgð. Búa til reynslubanka á [www.samband.is](http://www.samband.is). Ekki möguleiki á að auka gæði þjónustu í dag.

## Hvernig má tryggja að fagleg og rekstrarleg forysta í skólamálum haldist í hendur?

### Ábyrgð og miðlun upplýsinga

Sveitarstjórnarmenn þurfa að axla ábyrgð á erfiðum ákvörðunum. Vantar þekkingu, áhuga og vitundarvakningu meðal sveitarstjórnarfólks á skólamálum. Tryggja þarf að sveitarfélög fari eftir þeim lögum sem gilda um starfsemi skólanna en auka þarf jafnframt sveigjanleika gagnvart lögum, reglugerðum og stéttarfélögum. Sveitarstjórnir sem hafa peningavaldið eru oftast en ekki lítið upplýstar um það starf sem fram fer í skólum og þær þarfir sem skólaumhverfið hefur. Sveitarstjórn afhendir gjarnan valdið til skólanna án nauðsynlegs aðhalds eða gagnrýni. Mikill munur er eftir stærð sveitarfélaga. Sveitarstjórnarfolk í dreifðari byggðum/minni sveitarfélögum í fullu starfi við annað, lítill tími til að kynna sér málin og það regluverk sem fylgir ólíkum málaflokkum. Nýta betur rafræna stjórnáætlun og auka samvinnu milli sveitarfélaga um góðar leiðir. Námskeið sambandsins koma að góðu gagni.

### Stefnumótun er samstarfsverkefni

Fræðsla, samvinna, samráð og sameiginleg ábyrgð er forsenda. Sveitarstjórnarmenn og forstöðumenn skólanna (rekstrar- og fagaðilar) tali sama tungumál og vinni heildarmyndina saman svo árangur náist. Gaumgæfa þarf afleiðingar, ástæður og ávinning fyrirhugaðra breytinga á skólastarf. Forgangsráða í sameiningu – sameiginleg sýn í skólamálum í sveitarfélaginu. Stefnumótun fari fram í samráði við hagsmunaaðila og binda þarf stefnumarkmið í aðgerðaáætlun. Fagþekking eykst í skólum með fleiri starfsheitum. Nýta þá þekkingu sem til er í skólum og samráðsvettvang eins og skólaráð og foreldrafélög. Ákvarðanir á ekki að taka of miðlægt. Öll endurskoðun komi innanfrá. Hvert sveitarfélag/hver skóli þarf að finna sína leið og sína lausn og geta blómstrað á eigin forsendum. Samkomulag um gæði. Það þarf að auka við og bæta rekstrarlega þekkingu í sveitarfélögum. Verða að vinna saman ef árangur á að nást. Fræðslunefnd vantar oft þekkingu til að innleiða stefnuna og skortir á nægjanlegt bakland og eftirlit. Vanda vel val í skólanefndir þar sem samhljómur er um forgang menntunar. Meiri aðkoma sveitarfélaga að eftirliti er

jákvæð. Í mörgum tilvikum, sérstaklega í minni sveitarfélögum, getur samrekstur skilað góðum árangri, bæði faglega og rekstrarlega.

### Gæði og rekstur

Er hægt að tryggja að gæði og rekstur haldist í hendur? Eru þeir skólar sem koma vel út faglega dýrari? Ytra og innra mat segir til um gæði. Áherslan þarf að vera á innihald frekar en umbúðir. Hvar er skurðpunkturinn faglegt starf vs. rekstur? Er okkar faglega skólastarf í hættu vegna minna fjármagns? Skóli fyrir alla er mjög dýr stefna. Kennarar vilja vinna starf sitt betur en tímaskortur kemur í veg fyrir það. Kreppan kallar á meiri miðstýringu, sérstaklega fjárhagslega.

### Fjölbreytni og jafnrétti

Mikilvægt að skilgreina og meta betur mismunandi stærðir grunnskóla landsins til að efla stoðir ólíkra skóla landsins. Láta ekki kreppuaðstæður fækka skólum á landsbyggðinni. Skóli fyrir alla – dýrari en þegar sérskólarnir voru við lýði. Ekki mismuna nemendum eftir búsetu. Ef skerðing vikustunda, um t.d. 2 stundir á viku kæmi frá menntamálaráðuneyti, væru allir við sama borð.

## Smelltu hér

Erindi, glæsur og hljóðskrár frá skólaþinginu.



Þátttakendur á skólaþinginu hlusta af athygli á fyrirlestur.

### Stjórnun og rekstur

Skólastjórnendur eru faglegir forystumenn og þurfa stuðning frá sveitarstjórn. Styrkja þarf menntun og þjálfun stjórnenda. Styrkja stjórnendur til launaðra leyfa. Ekki hægt að ætlast til þess að þeir hafi mikla rekstrarþekkingu og því þarf að tryggja aðgengi skólastjórnenda að rekstrarráðgjöf. Stjórnarendateymi með fjölbreytta þekkingu er vænlegra til að skila árangri en

## Smelltu hér

Erindi, glæsur og hljóðskrár frá skólapinginu.

einn stjórnandi. Færa rekstrarlega ábyrgð í auknum mæli til skólans/skólastjórnenda og um leið að gera þeim kleift að fylgjast með rekstrinum frá degi til dags t.d. með góðu bókhaldskerfi. Rekstrarþekking verður að hafa meira vægi. Auka vægi stjórnunar, rekstrarstjórnunar og fjármála í kennara- og stjórnendanámi í kennaraháskólum. Hafa fjármálamenntaða starfsmenn í rekstri skólans. Rekstrarstjórum þyrfti að fjölga sem vinna í samstarfi við skólastjórnendur. Skoða betur starfssvið og hlutverk (skóla-) stjórnenda innan hvers skólaeiningar. Skoða þarfir og endurskilgreina hlutverk þeirra. Tryggja þarf betri skilning allra starfsmanna á hlutverkum einstakra stjórnenda og hverjir bera faglega ábyrgð annars vegar og rekstrarlega hins vegar. Gera þarf úttekt á fjölgun stjórnenda og stjórnendastarfsheita í skólum og meta reynsluna. Æskilegt er að skilgreina betur störfin með starfslýsingum. Tilhneiging að fá nýjan stuðningsfulltrúa ef vandamál koma upp (sparnaður sérfr.þj). Færa mætti einhver stöðugildi af skólaskrifstofum inn í skólana. Skoða samnýtingu búnaðar/tækja/mannauðs innan sveitarfélags.

Setja mætti einn leikskólastjóra yfir 3-5 leikskóla. Leggja niður starf aðstoðarleikskólastjóra. Deildarstjóri í stað þeirra með sameiginlega ábyrgð.

Fjárlagarammar settir í skólum og stjórnendur þurfa að halda sig innan rammans. Auka þarf eftirlit með nýtingu fjármagns. Mikilvægt að auka meðvitund almennra starfsmanna um kostnað. Kynna fjárhagsáætlanir og ársreikninga fyrir

starfsfólki skóla. Koma hreint fram varðandi niðurskurð. Hafa samráð um tillögur til hagræðingar og niðurskurðar við starfsfólk/foreldra.

### Vinnutímaskilgreining

Kjarasamningar kennara – setja miklar skorður...eða er þetta klisja? Snýst jafnvel frekar um að traust ríki milli aðila. Samræða hagsmunaaðila þarf að eiga sér stað og samstarf við KÍ þarf að efla enn frekar. Allir þurfa að koma upp úr skotgröfunum – ná sáttmála. Endurskoða þarf vinnuramma kennara með tilliti til 102-150 klst. endurmenntunar. Þá þarf að setja inn í vinnutímaskýrslu skólaársins og þar með skilgreina endurmenntun frekar innan skólaársins. Þarf að vera virkur stuðningur við símenntun í skólunum. Það eru girðingar í kjarasamningum sem eru til bóta núna.

### Önnur sjónarmið sem fram komu

**Leiðarljós:** Stuðningur, bjartsýni, jákvæðni, seigla og hlustun. Draga úr skýrslugerð/skráningum svo starfsmenn geti meira verið með nemendum

### Inntaka í kennaranám

Hvernig fáum við hæfasta fólkið í námið? Inntökukröfur, s.s. í tengslum við færni í íslensku, eru ekki nægilega miklar, of margir teknir inn í kennaranám. Viðhorf til kennaranámsins er að það sé létt og því viðhorfi þarf að breyta. Í Finnlandi komast einungis 10% umsækjenda að. Þarf að skoða kynjahlutföll þeirra sem eru teknir inn í kennaranám. Bakgrunnur þeirra sem fara í kennaranám er áhyggjuefni – skortir nemendur af raunvísinda- og náttúrufræðibrautum; of einsleitur hópur. Auka sveigjanleika í mati á fyrri námi umsækjenda um kennaranám. Þarf að auka fjölbreytni. Kennaranám sé fyrir þá sem ætla að verða kennarar, ekki stutt kennsluréttindanámi í lok sérgreinar.

Spurt var hvaða kröfur verði gerðar til menntunar skólastjórnenda við lengingu kennaranáms í 5 ár? B.ed+stjórnun til meistaraþráðu, M.ed+stjórnun eða eingöngu M.ed?

### Áherslur í kennaranámi

Mikilvægt að kennaraháskólar hafi samráð við skóla- og fræðslustjóra um áherslur í kennaranámi eða talsmenn þeirra. Leita þarf til kennara



Jónína Rós Guðmundsdóttir, Sigrún Stefánsdóttir og Sveinbjörn Markús Njálsson spjalla saman í kaffihléi.

um áherslur í kennaranámi, s.s. í tengslum við agastjórnun, samstarf heimila og skóla, vinnu með fjölbreyttum nemendahópi, vinnustaðþjálfun o.fl. Mikilvægt að allir hagsmunaaðilar komi að mótun námskrár.

Útgangspunktur kennaramenntunar er nálgunin við nemandann í stað fagsins. Auka áherslu á kennslufræði - miðlun þekkingar. Hafa þarf menntastefnu landsins að leiðarljósi við val á áherslum í kennaranámi. Áherslur þurfa að vera í samræmi við raunverulegar þarfir skólanna/samfélagsins. Auka áherslu á sam-/teymisvinnu bæði í námi og fyrstu starfsárin.

Í kennaranámi þarf að leggja áherslu á bæði faggreinar og uppeldis- og kennslufræði. Faggreinakennari þarf að vera mjög sterkur í faginu og þekkja fjölbreyttar leiðir til þess að miðla því. Ekki hefja sérhæfingu of snemma í kennaranáminu. Leggja meiri áherslu á listgreinar og flétta skapandi starf inn í allar námsgreinar. Efla kennara til sjálfstæðis, efla gagnrýna hugsun þeirra og skapandi kennslu. Skóli án aðgreiningar krefst góðrar kennslufræðilegrar þekkingar. Leggja áherslu á fjölbreytni kennsluaðferða/-háttá og námsmatsaðferða sömuleiðis og nota slíkar aðferðir við að kenna kennaranemum sjálfum. Ekki einblína á prófaúrlausnir heldur horfa á almenna færni, útfæra kennsluna þannig að horft sé á ferilinn hjá barninu í samfellu, ekki á einstök próf, heldur allan skólaferilinn. Stoppa árgangakennslu. Auka áherslu á samkennslu árganga. Einstaklingsmiðun. Sitt hvort kerfið, mismunandi eftir aldurstigi, sem kennaranemi er að sérhæfa sig til.

Fjölga námskeiðum í agastjórnun, foreldrasamstarfi, einelti, röskunum, fötlunum, fjölmenningu og jafnrétti. Skerpa á áherslum í lífsleikni. Kennsla nemenda með fjölbreytilegan bakgrunn og mismunandi þroska. Vinna í hópum og félagslegi þátturinn skiptir máli. Leggja áherslu á leiðtoga hlutverk kennarans og setja inn stjórnunarkúrsa. Auka þarf öryggi í starfi. Kennarar hafi kunnáttu og færni til að efla jákvæða sjálfsmynd nemenda, siðferðisþroska og vera læs á fólk og aðstæður. Kennsla í meðferð siðferðilegra og heimspekilegra álitamála. Fjölmenningaáhersla og siðgæði, tölvulæsi. Efla upplýsingatækni og upplýsingalæsi. Áhersla á að nemendur geti tjáð sig og rödd þeirra skipti máli. Kennari þarf að hafa næmni til að bera, þekkja til aga-



Fræðslustjórnarnir í Reykjanesbæ og Reykjavík, þeir Eiríkur Hermannsson og Ragnar Þorsteinsson stinga saman nefjum.

bekktarstjórnunar og geta lagt grunn að góðum bekkjaranda. PMT/SMT/SOS ætti að vera hluti af kennaranámi og þeir myndu fá verkfærakistu meðferðis úr námi sínu. Samvinna við hagsmunasamtök um fræðslu (sbr. ADHD, Umhyggja o.fl.). Þeir þurfa þjálfun í samskiptum. Aukin krafa um aðkomu kennara í hvers kyns samskiptaerfiðleikum nemenda og jafnvel foreldra.

Auka áherslu á verkstjórn og skipulag í náminu einnig verkstjórn annars aðstoðarfólks í skólum s.s. stuðningsfulltrúa og skólaliða svo starfskraftar allra nýtist sem best. Kennari þarf að vera sterk fagleg fyrirmynd, fræðimaður, hlýr og góður hlustandi. Verkefnum kennarans hefur fjölgað: uppeldi, umönnun og fræðsla.

Kenna þarf „virka hlustun“. Horfa á heildarmynd menntunar og tengja skólana við raunveruleikann; hvernig nýtist menntunin? Greina þarf með opnum huga hvað skiptir máli við kennsluna. Laða fram það besta í hverjum og einum.

### Kandidatsár

Kandidatsár væri æskilegt áður en kennari teldist fullútskrifaður. Kennarastarfið þarf að verða samræmdara svo kennaramenntunin geti verið markvissari og draga megí úr sjokki nýliðanna á vettvangi. Mikið brottfall nýrra kennara er óásættanlegt.

Hætta með kennaranám í dagskóla; allir í fjarnám og vinni úti í skólum sem aðstoðarfólk á námslánum eða með smá kaup. Dregur verulega úr kostnaði. Bætir kennaranám því löng og góð reynsla er fyrir



Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi sambandsins, heilsar uppá þátttakendur.

Því að leiðbeinendur í kennaranámi reynist mjög vel.

### Handleiðsla og vettvangsnám

Nýútskrifaðir kennarar kenni færri kennslustundir og hafi leiðsögukenndu/mentor/handleiðslu fyrstu 1-3 árin. Leiðsögukenndu/mentor inn skólanna þurfa að fá markviss námskeið. Skilgreina og auka þarf færni þeirra sem leiðbeina kennaranemum og nýliðum í skólunum. Styrkja þarf hlutverk deildarstjóra í því að halda utan um handleiðslu. Skýrari móttökuáætlun þarf vegna kennaranema á vettvangi. Auka þarf vægi vinnustaðþjálfunar til að sannreyna hvort starfið eigi við fólk. Nemar þurfa að fá starfsþjálfun í fleiri en einni gerð af skólum.

### Að námi loknu

Kennarar þurfa að ígrunda störf sín (eigin naflaskoðun án viðkvæmni á að vera hluti starfsins) og geta speglað sig í augum annarra. Ekki bara samræður heldur fylgjast með hver öðrum í kennslu.

Kennari þarf að vera sterk fagleg fyrirmynd, fræðimaður, hlýr og góður hlustandi. Efla sjálfsstyrkingu kennara í starfi með bættri ímynd og breyttu viðhorfi. Efla skilning á margbreytileika nemendahópa og meðvitund um samspil skóla og samfélags.

Þjálf þarf kennara í leiðum til úrbóta t.d. þegar árangur nemenda er slakur, að nýta rannsóknarniðurstöður á hagnýtan hátt.

Launasamningum kennara þarf að breyta svo framþróun geti orðið og um leið þarf að verða hugarfarsbreyting í samfélaginu. Kí er

orðið kjarabaráttufélag en ekki fagfélag eins og það var upphaflega stofnað til.

### Önnur sjónarmið sem fram komu

Horfa þarf á skólana sem samfélag. Skólinn í samfélaginu og samfélagið í skólann.

Hugmynd um ráðgjafarvef í gegnum netið í samvinnu við kennaramenntunarstofnanir. Slíkur vefur er í notkun í Skotlandi og góð reynsla af honum.

## Hvernig má tryggja markvissa og skilvirka símenntun kennara?

### Skilgreiningar

Skilgreina þarf hugtökin símenntun og endurmenntun og tryggja sameiginlegan skilning á því yfir hvað þeim er ætlað að ná. Margt annað telst til símenntunar en námskeið, s.s. ráðstefnur, réttindanáms, vettvangsferðir og fleira. Hafa þarf ákveðna símenntunarstefnu. Skilgreina þarf hlutverk, ábyrgð og skyldur allra sem í hlut eiga. Símenntun þarf að vera beggja hugar – starfsmaður að efla sig og skólinn að fá betri starfskraft. Símenntun er viðvarandi verkefni.

### Tillögur til úrbóta

Skóli, kennarar og sveitarfélag þurfa að hafa sameiginlega sýn hvað símenntun varðar. Menning skólans og hugsjónir skólastjóra geta ráðið miklu um símenntun starfsfólks. Tekur oft langan tíma að festa ný vinnubrögð í sessi. Auka þarf samstarf milli skólastjóra. Skólastjóri þarf að fylgja eftir verkstjórnarvaldinu varðandi sí- og endurmenntun, hafa yfirsýn og bera ábyrgð. Hann hefur aukið forræði í samræmi við skólastefnu og markmið skólanámskrár, sem vinna þarf í samstarfi aðila. Nýta þarf starfsmannafundi betur til endurmenntunar og þróunarstarfa (eykur áhuga kennara þar). Gera meiri kröfur til kennara um nýtingu á 102-150 klst. til símenntunar og undirbúnings, þær eru óvirkar hjá alltof mörgum kennurum. Þeir eru ætlaðir utan hefðbundins skólatíma en hafa færst um of inn á starfstíma skóla, ekki gott v/forfalla og þrengri tíma kennara. Vitundarvakning þarf að verða meðal kennara varðandi eigin starfsþróun. Kennarinn setji sér sjálfur markmið og eigin áætlun í símenntun fyrir skólaárið og sundurliði. Standi skil á henni gagnvartskólastjórnendum ekkiaðskólastjóri setji hana einhliða. Mikilvægt að skólar



hafi heildaráætlun um símenntun og hver kennari geri sína eigin símenntunaráætlun í samstarfi við skólastjóra sem rími við áætlun skólans. Setja mætti inn sambærileg ákvæði um símenntun og hjá öðrum, en þeir verða að stunda lágmarks endurmenntun til að viðhalda réttindum sínum. Koma á föstum vinnutíma kennara allt árið, þ.e. að undanskildu eðlilegu sumarleyfi, það myndi tryggja aukna símenntun.

Auka þarf víðsýni strax í grunnnámi B.ed.; gefa þarf rými fyrir þverfaglegt grunnám í B.ed. námi. Leiðum til markvissrar hagnýtingar símenntunarinn í kennarastarfið þarf að fjölga. Hægt að hafa sérstaka símenntunardaga og ákveðna starfsmenn sem stjórna því og halda utanum. Læra-geta-sýna. Hluti af starfi kennara t.d. að miðla innan skóla. Námskeið, málstofur og smíðjur starfsfólksins sjálfs. Fá skipulag nær þjónustubegum. Opin námskeið í kennaraháskólum fyrir almenna kennara. Nýta betur fyrirlestra og námskeið sem eru send út í fjarkennslu til símenntunar. Virkja samstarf við atvinnurekendur/markað með þróunarstarf að markmiði. Símenntun kennara þarf að skila sér til nemenda. Það þarf að vera hvati til staðar til að fólk stundi símenntun. Best væri að það væru innri hvatar, þ.e. að fólk fyndi þörfina fyrir starfsþróun til að verða betri í sínu starfi, en sýna þyrfti nauðsynlegt aðhald til að tryggja að henni sé sinnt. Aukinn sveigjanleiki í samspili starfsskyldna og menntunarmöguleika hvetur til starfsþróunar.

## Framboð

Tækifærin eru næg og einnig framboðið. Framboð þarf að vera fjölbreytt. Faggreinakennarar í smærri skólum á landsbyggðinni eiga erfitt með að finna símenntunarnámskeið við hæfi. Sumarnámskeið á höfuðborgarsvæðinu gætu mætt þessari þörf því faggreinafélögin eru misjafnlega virk. Sömuleiðis mætti skoða hvort faggreinafélögin gætu sótt um styrki úr sjóðum KÍ til að halda námskeið fyrir faggreinakennara. Taka upp fleiri sumarnámskeið, sérstaklega stærri námskeið sem eru einungis í boði á höfuðborgarsvæðinu. Endurskoða námskeiðslýsingar þannig að þær virki hvetjandi og áhugaverðar. Mjög mikilvægt að finna milliveg milli kennslufræðilegra námskeiða og greinabundinna. Skólar sinni sjálfir kennslufræði. Örnámskeið skila litlu en þróunarverkefni sem standa yfir í lengri

tíma skila mestu.

Kennarar þurfa símenntun í málumhverfi barna þ.e. netheimar, smáskilaboð og ótrúlegt aðgengi þeirra að upplýsingum um allt milli himins og jarðar. Hvernig á að vinna úr þessum upplýsingum; hvernig umgöngumst við upplýsingar, greinum „góðar“ frá slæmum, fræðilegar frá og bulli o.s.frv. Ræða þarf siðferðilega og heimspekilega um bloggheima og heim fésbóka þannig að sú umræða sé uppbyggileg en ekki meiðandi. Þessi þáttur er ekki síst mikilvægur í símenntun kennara þ.e. hvernig kennum við eldri kennurum að nýta og þekkja netheima þannig að þeir standi nemendum sínum framar í þekkingu á þessu efni.

Virkja skólaskrifstofur og sambærilega aðila enn betur til að bjóða upp á endurmenntun, fyrirlestra o.þ.h. fyrir starfsfólk skóla, óháð sveitarfélagi, þar sem markmiðið er að lágmarka kostnað við endur- og símenntun.

Skólar geta sameinast um fyrirlesara – dreift kostnaði. Stór sveitarfélög/umræmi geta sinnt greinabundnum námskeiðum fyrir marga skóla. Taka upp gagnvirka miðlun milli skóla.

Kerfisbinda betur samstarf skólanna og akademíunnar. Gefa starfandi kennurum kost á að bæta við sig tveimur árum – gulrót?

## Sjóðir

Aðgengi að sjóðum er mjög gott. Tengja þarf sjóði KÍ við endurmenntunastefnu sveitarfélaga og styðja við endurmenntun



Þátttakendur á skólapinginu komu víða að.

## Smelltu hér

Erindi, glæsur og hljóðskrár frá skólapinginu.

## Smelltu hér

Erindi, glæsur og hljóðskrár frá skólapinginu.

með þeim hætti enn frekar. Sveitarfélögin sækja sjálf um í símenntunarsjóð.

Skoða þarf hvort hægt sé að sameina úthlutun úr Vonarsjóði og Námsleyfasjóði (4% ) til að nýta fjármagnið sem best. Sömu leiðis þarf að kanna möguleika á því að skóli (s.s. eins og lítill skóli á landsbyggðinni) sækir um styrk úr Vonarsjóði fyrir félagsmenn og haldi námskeið fyrir alla kennarana því í mörgum tilvikum eru þessir félagsmenn KÍ ekki að nýta sér styrkina. Vonarsjóður ætti að vera hrein viðbót við 150 klst.

Hindranir. Eldra símenntunarkerfi var launatengt, ekki mjög stefnumiðað. Vantar ytri hvata, sbr. launaflokkahækkningar, sem teknar voru út úr kjarasamningum 2001 eða skipta aðrir þættir meira máli? Vantar ábyrgð hjá skólunum í þessu efni til að nota betur matstæki og niðurstöður rannsókna til þess að meta þörf fyrir starfsþróun. TALIS niðurstöður benda til þess að stór hópur íslenskra kennara uppfylli ekki þær skyldur sem honum ber varðandi símenntun.

Peningalegi þátturinn heftir símenntun. Kennarar skrá sig á námskeið en mæta svo ekki. Hver á að borga? Skólar, sveitarfélög, háskólar? Símenntun/endurmenntun kennara þarf að skipuleggja og undirbúa enn betur en nú er gert og t.d. að fara með námskeiðin út fyrir borgarmörkin í enn meira mæli en nú er gert. Með því

móti verði meiri samhugur og samstaða þeirra sem námskeiðin sitja og minni hætta á að þátttakendur fari að sinna ýmsum persónulegum málum eins og gerist þegar námskeiðin eru haldin í höfuðborginni.

### Önnur sjónarmið sem fram komu

Afnema lögverndun starfheitis. Það auðgar mjög skólastarfið að fá sjónarhorn annarra stétta inn. Svo setjum við kennaranemana út í skólana með þeim.

Sambandið þarf að skilgreina þörfina á öllu landinu fyrir sí- og endurmenntun kennara í samvinnu við sveitamennt.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Sveitamennt er starfsmenntunarsjóður starfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni innan aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands (SGS). Sjóðurinn er samstarfsverkefni SGS og Launanevndar sveitarfélaga. Sveitarfélög geta sótt um styrki til fræðsluverkefna vegna nefndra starfsmanna, þar á meðal þeirra sem sinna störfum í leik-, grunn- og tónlistarskólum. Sambærilegir sjóðir eru starfræktir fyrir starfsmenn sveitarfélaga innan bæjarstarfsmannafélaganna, þ.e. mannauðssjóðir KJALAR og Samflots.



Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga er hér lengst til hægri á myndinni. Við hlið hans situr Sigurður Haukur Gíslason úr Kópavogi og til vinstri er Óskar S. Einarsson skólastjóri Fossvogsskóla.

### 3. kafli

## Að lokum

Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði tók að sér að flytja lokaorð Skólapingssveitarfélaga 2009. Hún sagði ætíð áhugavert að taka þátt í umræðu um þann málaflokk sem stærstur er í rekstri sveitarfélaganna, skólamálin. Hún vitnaði til skólamálastefnu sambandsins frá árinu 2008, sem hefur menntun, mannvirðingu og mannúð að leiðarljósi. Hagsmunir nemenda skuli ætíð hafa forgang fram yfir aðra hagsmuni og áhersla lögð á að búa börnum sem best uppeldis- og menntunarskilyrði. Ekki mætti missa sjónar á þeirri sameiginlegu sýn sem hefur verið mörkuð í þeirri þröngu stöðu sem blasir við sveitarfélögum í dag. Ríflega helmingur rekstrartekna sveitarfélaga fer til skólamála, sagði Aldís og velta þyrfti hverri krónu. Hins vegar virtust þau neikvæðu áhrif sem við óttuðumst ekki hafa haft áhrif á hamingju barna nema síður væri.

Það efnahagslega ástand sem nú ríkir má ekki bitna á börnunum. Þetta væri rauði þráðurinn í erindum fyrirlesara skólapingssins. Þeir hefðu lagt áherslu á mikilvægi samvinnu og samráðs við nærsamfélagið allt þegar verkefnum væri forgangsraðað til framtíðar og að sem aldrei fyrr þyrfti að hugsa út fyrir kassann. Áhugavert hefði verið að heyra hugmyndir um aukna áherslu á sjálfbærni og ástarf. Ekkert breytti því hins vegar að koma þyrfti hreint fram vegna hagræðingar og niðurskurðar og upplýsingar um raunverulega stöðu í fjárhagsumræðu fræðslustofnana því aðeins þannig væri unnt að skapa þann skilning á aðstæðunum sem nauðsynlegur er.

## Litla gula hænan

Aldís velti vöngum yfir mælikvörðum á gott skólastarf og því að skóli fyrir alla og menntun fyrir alla væri ekki sami hluturinn eins og fram hafi komið í erindi eins fyrirlesara. Er það árangur í PISA eða hamingja og innihaldsríkt nám sem eiga að leiða skólastarf og í hennar huga var enginn vafi. Hún myndi ekki vilja skipta á skólakerfi Hong Kong fyrir það íslenska þrátt fyrir mun betri árangur þeirra fyrrnefndu í PISA.

Sagan af Litla gulu hænunni var Aldísi ofarlega í huga sem sveitarstjórnarmanni vegna vinnu við fjárhagsáætlunargerð næsta árs. Við sem þjóð og samfélag verðum að draga saman seglin og spara, undan því verður ekki vikist og ekki hægt að ætlast til þess að einungis „hinir“ standi undir því.

Í erindum og umræðum skólapingssins um gildi og inntak kennaranáms og endurmenntunar sagði Aldís eitt orð hafa verið gegnumgangandi en það væri mannauðurinn sem býr í hinu frábæra starfsfólki leik-, grunn- og tónlistarskóla. Undir það gætu allir tekið og það væri ekki síst því að þakka að umrótíð í þjóðfélaginu hefði ekki dregið úr hamingju barna okkar.

Að lokum sagði Aldís væntingar til samstarfs og samvinnu miklar í erindum dagsins „...og getum við öll sem hér erum lagt okkar lóð á vogarskálarnar til að skapa sem bestan grunn fyrir ungmenni þessa lands, grunn sem fleyta mun þjóðinni áfram til framtíðar litið.“



Tveir kunnir sveitarstjórnarmenn Guðmundur Páll Jónsson bæjarfulltrúi á Akranesi og Arnar Þór Sævarsson bæjarstjóri á Blönduósi

## Smelltu hér

Erindi, glæsur og hljóðskrár frá skólapinginu.

Niðurstöður Skólaþings sveitarfélaga sem haldið var í Reykjavík  
2. nóvember 2009.  
Umsjón með útgáfu: Svandís Ingimundardóttir  
Hönnun og umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir  
Ljósmyndir: Ingibjörg Hinriksdóttir nema myndir á forsíðu og bls. 9,  
þær myndir tók Magnús Karel Hannesson

© Samband íslenskra sveitarfélaga  
Lögfræði- og velferðarsvið 2010  
Borgartúni 30  
Pósthólf 8100  
128 Reykjavík  
Sími: 515 4900  
Netfang: [samband@samband.is](mailto:samband@samband.is)  
Veffang: [www.samband.is](http://www.samband.is)  
2010/5

